

- 122** isins, er nemur $\frac{3}{4}\%$ af innkaupsverði allra raforkuvirkja, raftækja og hverskonar
 26. júlí raffanga, sem flutt eru til landsins, nema af raforkuvirkjum til skipa og annara far-
 artækja, s. s. bifreiða, svo og ekki heldur af raforkuvirkjum til Landssímans og til
 21. maí Ríkisútvarpsins, sem eru beinlínis ætluð fyrir starfrækslu þessara stofnana.

1940

Gjald þetta ber að miða við verð það á vörunni, sem verðtollur er miðaður við, sbr. 10. gr. tollskrárlaganna nr. 62/1939, og skal það fyrst um sinn fært í tollbókinni í sérstakan strikaðan dálk í athugasemdadálknum og þar að auki skal það vera innifalið í samtalsfjárhæð aðflutningsgjaldanna. Við tollmerkingu á innkaupsreikningi skal gjaldið kallað rafmagnseftirlitsgjald.

Gjaldi þessu skal skilað til ríkisféhirðis á sama hátt og gjöldum í ríkissjóð, og skal það sérstaklega aðgreint á skilagrein, en á skilagreininni skal það fært undir „Aðra sjóði“.

123

6. ágúst

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 122 29. des. 1931, um einkasölu á tóbaki.

1. gr.

9. gr. reglugerðar nr. 122 29. des. 1931, um einkasölu á tóbaki, orðist svo:

Hámarksálagning á tóbaksvörum í smásölu má eigi vera hærri en 20%, miðað við verð einkasöluunnar, að viðbættum flutningskostnaði til útsölastaðarins.

Fyrir flutningskostnaði til útsölastaðar má eigi reikna hærri viðbótarálagningu en 3%.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem gengur þegar í gildi, er sett samkvæmt lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki.

Fjármálaráðuneytið, 6. ágúst 1940.

Jakob Möller.

Magnús Gíslason.

124

REIKNINGUR

Styrktar- og sjúkrasjóðs vitavarða Íslands 1939.

Tekjur:

1. Í sjóði 31. des. 1938	kr.	7617.71
2. Gestafé	kr.	829.25
3. Tillög vitavarða	—	649.52
4. Tillag ríkissjóðs	—	1000.00
5. Vextir	—	1393.48
		<hr/>
		3872.25

Kr. 11489.96

Gjöld:

1. Greiddur styrkur	kr.	1776.00
2. Í sjóði við uppgjör	—	9713.96

Kr. 11489.96